



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. apríl 2017
Tilvísun: 201703-0019 / IS

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu að Hrauni í Öxnadal –
193. mál

Landsbókaskafn Íslands – Háskólabókaskafn styður þingsályktunartillögu um uppbyggingu minningar- og menningarseturs að Hrauni í Öxnadal til að heiðra minningu þjóðskáldsins og fræðimannsins Jónasar Hallgrímssonar. Í tillögunni er vísað í þau menningarsetur tengd skáldum og rithöfundum, sem starfrækt eru nú þegar, en auk þessa hefur fólk sýnt fleiri rithöfundum ræktarsemi í söfnum víða um land. Söfn og setur sem þessi tengjast áhuga fólks á að varðveita sögu sína, bókmenntir og listir. Einnig má benda á sterka tengingu við menningartengda ferðaþjónustu um allt land. Það er því mikilvægt að hið opinbera styðji starfsemi sem þessa.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður